



Reykjavík, 14. nóvember 2016

Niðurstaða athugunar á uppsagnarfresti váttryggingarsamninga og tilkynningum þar að lútandi

Haustið 2016 framkvæmdi Fjármálaeftirlitið athugun á uppsagnarfresti váttryggingarsamninga og tilkynningum þar að lútandi hjá íslenskum váttryggingafélögum.

Athuginin beindist að því með hve löngum fyrirvara tilkynnt væri um gjalddaga nýs tímabils við endurnýjun váttryggingarsamninga og með hvaða hætti tilkynningunni væri komið á framfæri og var óskað eftir upplýsingum frá váttryggingafélagunum um þessi atriði. Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir hinn 31. október 2016.

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 75. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 getur váttryggingartaki sagt upp samningi um váttryggingu þegar komið er að endurnýjun geri hann það innan mánaðar frá því váttryggingafélag sendir tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils. Þó er váttryggingartaka heimilt að tilkynna um uppsögn þar til tvær vikur eru til loka yfirstandandi tímabils (samningi um líftryggingu má þó slíta hvenær sem er). Til að váttryggingartaki hafi a.m.k. lögbundinn mánaðarfrest til að segja upp váttryggingarsamningi verður að líta svo á að váttryggingafélag þurfi að senda tilkynningar um væntanlega endurnýjun með nokkrum fyrirvara þannig að váttryggingartaki hafi jafnframt ráðrúm til að leita tilboða annars staðar kjósi hann svo. Jafnframt þurfi dagsetning slíkra tilkynninga að koma skýrt fram auk byrjunardagsetningar nýs tímabils, svo váttryggingartaki geti áttað sig á því hvaða tímafrestir eigi við.

Það er því mat Fjármálaeftirlitsins að senda þurfi tilkynningar um endurnýjun váttryggingarsamninga með u.þ.b. sex vikna fyrirvara, svo gætt sé að rétti neytenda samkvæmt framangreindum lögum og heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum jafnvel þó sá frestur komi ekki skýrt fram í lögnum. Rétt er að árétta að eftir að lögum um váttryggingarsamninga var breytt hinn 1. júlí 2015 er jafnframt hægt að segja váttryggingarsamningum upp með mánaðarfyrirvara og flytja viðskiptin annað og eru váttryggingartakar því ekki bundnir ákveðnu félagi í ár í senn eins og áður var.

Í svörum váttryggingafélaganna kom fram að þau kappkosti öll að senda tilkynningar um endurnýjun með a.m.k. fimm til sex vikna fyrirvara. Hvað varðar form tilkynninga voru svörin á þá leið að tilkynningar væru sendar með bréfpósti nema váttryggingartakar hefðu skráð sig í pappírslaus viðskipti en í slíkum tilvikum væri hægt að nálgast tilkynningar rafrænt á sérstökum svæðum á heimasíðum félaganna.

Jafnframt voru váttryggingafélögin spurð að því hver uppsagnarfrestur váttryggingarsamninga væri í þeim tilvikum sem vikið væri frá ákvæðum laganna með samningi, en það er t.a.m. heimilt ef váttryggingartaki er fyrirtæki og umfang þess samsvarar meira en fimm ársverkum. Þannig er hægt að semja um að uppsögn með



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

mánaðar fyrirvara á tímabilinu sé ekki gild og eins er hægt að semja um að uppsögn við lok tímabils þurfi að berast áður en tvær vikur eru til loka tímabilsins. Þegar um einstaklinga eða einyrkja er að ræða er hins vegar alls óheimilt að semja um annað fyrirkomulag en áskilið er í lögnum nema slíkir samningar séu váttryggingartaka til hagsbóta.

Samkvæmt svörum váttryggingafélaganna fá fyrirtæki sem framangreind undanþága á við senda tilkynningu um endurnýjun með sama fyrirvara og einstaklingar, þ.e. almennt með um sex vikna fyrirvara. Þá nýta öll félögin sér rétt sinn til að semja sig frá lögnum og þannig er uppsögn slíkra aðila á miðju tímabili ekki tekin gild, heldur þarf uppsögn samnings að berast mánuði áður en nýtt tímabil hefst. Eins og áður sagði er í ákveðnum tilvikum heimilt að semja sig frá lögnum með þessum hætti en það er mat Fjármálaeftirlitsins að þá sé brýnt að það komi skýrt fram í samningum að um frávik frá lögnum sé að ræða, og að váttryggingartökum gefist eftir sem áður nægt ráðrúm til að segja upp samningi um váttryggingu.

Miðað við svör váttryggingafélaganna verður ekki annað séð en að framkvæmdin sé í samræmi við lög og að viðskiptavinir fái tilkynningar um endurnýjun með nægilegum fyrirvara. Fjármálaeftirlitið gerði því ekki athugasemdir við framkvæmd váttryggingafélaganna að þessu leyti.